



Fundargerð

183. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 19. apríl 2023, kl. 15:10.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Almenn mál

1. 2304035 - Fjaðrárgljúfur

Kynning frá Brynjólfi J. Baldurssyni á uppbyggingu á Heiði.

Skipulagsnefnd þakkar Brynjólfi J. Baldurssyni fyrir kynninguna á verkefninu.

2. 2211019 - Breyting á deiliskipulagi Fjaðrárgljúfurs

Fram er lögð breyting á deiliskipulagi fyrir Fjaðrárgljúfur. Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi. og tekur deiliskipulagsbreyting þessi til eins vinsælasta áningar- og ferðamannastaðar Skaftárhrepps, Fjaðrárgljúfurs, fyrirkomulag bílastæða á svæðinu og þjónustuhúss.

Skipulagsnefnd, samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2304036 - Efnisvinnsla úr Skaftá

Vegna fyrirhugaða framkvæmda í landi Heiði við Fjaðrárgljúfur óskar undirritaður fh. HB Heiði ehf. Kt. 440522-2540 eftir framkvæmdaleyfi/heimild fyrir malartekju úr Skaftá, skammt neðan írennslis Fjaðrá

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdarleyfi á grundvelli Aðalskipulags Skaftárhrepps sem var auglýst og bíður lokaafgreiðslu og með fyrirvara um jákvæða umsögn Fiskistofu.



4. 2304037 - Heiðarsel 1 og 2 sameining lóða

Landeigendur Heiðarsels 1 í Skaftárhreppi (Inr. 163352) og Heiðarsels 2 (Inr. 163353) að jarðirnar verði sameinaðar í eitt landnúmer sem verða eftir samruna 163353 og að hin sameinaða jörð heiti Heiðarsel.

Skipulagsnefnd samþykkir sameiningu Heiðarsels 1 og Heiðarsels 2 í eitt landnúmer og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

5. 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

Fram er lagt svarbréf Vegagerðarinnar dagsett 11. apríl er varðar deiliskipulagið í Tungu.

Lagt er til að málinu sé frestað þar til frekari rökstuðningur Vegagerðarinnar liggur fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt, verður undirrituð síðar.

Fundi slitið kl. 16.00.

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Jóhannes Gissurarson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir